

Vöktunaráætlun - maí 2022

Vegna breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun varðandi veiðar á austursvæði

Vöktunaráætlun þessi er hugsuð til þriggja ára. Framvinda verður metin reglubundið, í samræði við hlutaðeigandi aðila (UST, NÍ og NA) eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Komi fram þættir sem krefjast tafarlausa viðbráða er t.d. möguleiki á beitingu 39.gr. reglugerðar um VJP (300/2020). Að þremur árum liðnum verður staðan formlega endurmetin, með það fyrir augum hvort setja þurfi sérstakar reglur í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs eða öðru regluverki eftir atvikum. Þar gætu hugsanlega átt við lög 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem eru á hendi UST og NÍ að óska eftir við ráðherra eða reglugerð 60/2013 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Nr.	Vöktunarpáttur	Áhersla/sérstök atriði	Aðferð	Spurningum svarað	Framkvæmdaraðili
1	Umferð veiðimanna	Umfang umferðar vegna gæsa-, rjúpn- og hreindýraveiða. Hreindýraveiðar í kringum gæsir á fellitíma	(1) Reglubundið eftirlit á veiðisvæðum, að minnsta kosti vikulega á hverju svæði yfir veiðitímabilin þegar kostur er (2) Gögn úr veiðiskýrslum (í tilfalli hreindýraveiða)	Hversu mikil er umferð vegna veiða eftir svæðum? Gefur umfangið ástæðu til mótvægisáðgerða?	Vatnajökulsþjóðgarður (VJP)
2	Álag á land vegna veiðar	Akstur vélknúinna ökutækja í tengslum við veiðar	(1) Drónamyndataka og/eða endurtekin ljósmyndum. Að vori og hausti (fyrir og eftir veiðitíma og mögulega einu sinni á veiðitíma). Aðferð 6-2c eða 7-5 úr Handbók NÍ, eftir því hvort landið er gróið (2) Skýrslur um utanvegaakstur VJP	Er þörf á mótvægisáðgerðum (t.d. auknu eftirliti eða frekari reglusetningu) til að draga úr álagi á land vegna veiða?	VJP, samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ)
3	Lykilþættir í náttúrufari	Álag umferðar á lykilþætti í náttúrunni (jarðminjar, vistgerðir, tegundir)	Hluti af reglubundnu eftirliti landvarða á svæðinu. Hnitsettar ljósmyndir.	Eru augljós merki um álag umferðar á lykilþætti í náttúrunni?	VJP
4	Fælingaráhrif veiða	Fælingaráhrif veiða á hreindýr	Skráning leiðsögumanna: stærð hjarðar sem fellt er úr, hvort hún fælist, hversu langt, o.fl.	Hvaða áhrif hafa veiðarnar á hópa sem veitt er úr	Náttúrustofa Austurlands (NA) og Umhverfisstofnun (UST), með þáttöku Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH)
5	Umferð ótengd veiðum	(1) Truflun á gæsum á varp- og fellitíma (2) Truflun á hreindýrum á burðartíma	(1) Reglubundin vegalandvarsla og eftirlit (2) Bílateljarar (3) Upplýsingaöflun frá ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum	Hversu mikil truflun er af umferð fólks á gæsir á varp- og fellitíma og á hreindýr á burðartíma? Er ástæða til mótvægisáðgerða?	VJP
6	Viðhorf til veiða		Viðhorfskönnun hjá ferðamönnum í Snæfellsstofu og Snæfelli	Hvert er viðhorfið ferðamanna á svæðinu til veiða?	VJP
7	Hreindýratalning að vori		Talið úr flugvél á burðartíma til að kortleggja burðarsvæði	Hvar bera hreinkýr á Snæfellsöræfum	NA
8	Umferð hreindýra á veiðitíma		(1) Landverðir skrá dýr sem þeir sjá í reglubundinni vegalandvörslu (útsýnispunktar) (2) Leiðsögumenn skrá séð dýr og staðsetningu hópa	Hversu vel endurspeglar eins dags sumartalning á hreindýrum á Snæfellsöræfum dreifingu þeirra yfir sumarið?	VJP og FLH, samstarf við NA
9	Rjúpnatalning	Grunntalningar, vísitölur um stofnstærð	Aðferðafræði frá NÍ	Stofnvisitala	VJP, samstarf við NA
10	Gæsatalning	Varppéttleiki á Vesturöræfum.	Snið gengin og hreiður talin að vori	Hver er varppéttleiki heiðagæsa á Vesturöræfum?	NA

Vegna breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun varðandi veiðar á austursvæði

Vöktunaráætlun þessi er hugsuð til þriggja ára. Framvinda verður metin reglubundið, í samráði við hlutaðeigandi aðila (UST, NÍ og NA) eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Komi fram þættir sem krefjast tafarlausa viðbraðga er t.d. möguleiki á beitingu 39.gr. reglugerðar um VJP (300/2020). Að þremur árum liðnum verður staðan formlega endurmetin, með það fyrir augum hvort setja þurfi sérstakar reglur í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs eða öðru regluverki eftir atvikum. Þar gætu hugsanlega átt við lög 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem eru á hendi UST og NÍ að óska eftir við ráðherra eða reglugerð 60/2013 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Nr.	Vöktunarpáttur	Ahersla/sérstök atriði	Aðferð	Spurningum svarað	Framkvæmdaraðili
11	Gæsatalning	Fjöldi geldgæsa á Snæfellsöræfum	Flogið yfir Snæfellsöræfi sirka 20. júlí og gæsa hópar ljósmyndaðir (á Eyjabökkum og við Háslón). Talið af myndum.	Hversu margar heiðagæsir nýta Eyjabakka á fellitíma	NA
12	Fellitími gæsa	Geldfuglar á Eyjabökkum, gæsaungar á Vesturöræfum	Flogið yfir Snæfellsöræfi einu sinni eða tvisvar frá fyrstu talningu í kringum 20. júlí fram til sirka 10. ágúst eða fyrr til að meta fjölda ófleygra fugla.	Hvenær eru geldfuglar farnir af svæðinu? Hvað verða þeir fyrir mikilli truflun á meðan þeir eru ófleygir?	NA
13	Gæsabeit	Áhrif beitar heiðagæsa á gróður á Eyjabökkum	Rannsóknarreitir merktir og hluti þeirra varinn fyrir beit til samanburðar. Gróðurþekja og beitarálag skráð.	Hver eru áhrif fjölda gæsa í sárum á Eyjabökkum á gróður? Hver er þróunin ár frá ári?	NA
14	Mófuglar	Grunntalningar, vísitölur um stofnstærð	Aðferð 4a (tíðnimæling) eða 4b (þéttleikamæling) úr Handbók NÍ	Hver er þéttleiki mófugla á afmörkuðum svæðum á Snæfellsöræfum?	VJP, samstarf við NA
15	Burðarsvæði hreindýra	Skilgreining burðarsvæða	Afmörkun svæða m.v. vöktun 15 ára sbr. Þessi skýrsla: https://drive.google.com/file/d/1tzDw7AHZ4xGgrLxHxVvlevdqBcfqcaqL/view	Hvernig getur VJP stýrt umferð á burðartíma frá helstu burðarsvæðum	VJP sér um umferðarstýringu, NA leggur til svæðisafmörkun